

Frá Winnipeg og nærsveitunum

Spilafundi þeim, sem kvenfélag Sambandsafnaðar ætlaði að halda á fimtugdagskvöldi kemur í kjallarasal Sambandskirkjunnar, verður frestað til næsta laugadagskvölds þ. 28. þ. m. kl. 8. — Menn eru beðnir að hugfesta þetta rækilega og minna kunningja sína á það.

15. marz lézt hér á Almenna sjúkráhusinu konan Oddný Jakóbína Ólafsson 52 ára að aldri. Hana lifa 3 bræður hennar: Einar, í Minnesota, Stefán á Lundar og Guðmundur, vestur í Klettafjalla-bygðum.

Laugardagsskóla þeim, er Þjóðræknisfélagsdeildin "Frón" hefir haft í Jóns Bjarnasonar skóla nú um 5 mánaða skeið verður sagt upp næstkomandi laugardag, 29. þ. m., kl. 3 e. h. Óskað er eftir, að sem flest af börnum þeim, er skólann hafa sótt í vetur, verði viðstödd. Einnig allir þeir kennarar og svo góðfúslega hafa hjálpað til við kensluna.

Brú er verið að byggja yfir Rauðána á milli Pembina og St. Vincent bæja. Á hún að kosta \$175,000, og borgar Bandaríkja- stjórn hált, fylkisstjórnir N. Dakota og Minnesota og Pembina og Kitson sveitir. Smíðið er undir umsjón Bandaríkja- stjórnar og eru stóplar komnir 15 fet yfir vatnsnál en brún á að liggja 40 fet yfir flæðarmál. Brúna mega Pembinaþiur mest þakka forgöngu George (Gunnlaugs) Peterson lögmanns, og verður hún bænum vafalaust til farsældar.

Menn eru hér enn mintir á, að gleyma ekki söngkvöldi Halls hjónanna á fimtugdagn. Ekki einungis vegna þess, að fyrirtækið er lofsvert, heldur og vegna þess, að Mrs. Hall tulkar svo vel alt er hún syngur að jafnan er unun á að hlusta. Íslendingar hér ættu nú að sýna, að þeir kunni að meta list þeirra hjóna, með því að hafa húsfylli á fimtugdagskvöldið.

Munið eftir að "HAPPID" verður sýnt á LUNDAR þriðjudaginn 1. apríl kl. 8. síðd. Fjölmennið og fyllið húsið.

George Peterson lögmaður frá Pembina, kom hingað til bæjarins á föstudaginn var. Sagði góða líðan meðal landa þar syðra yfirleitt. Hann skildi



Hvað ætlar þú að verða?

David Cooper C.A. President
Verzlunarþekking þýðir til þín glæsilegri framtíð, betri stöðu, herra kaup, meira traust. Með henni getur þú komist á rétta hilla í þjóðfélaginu.
Þú getur öðlast mikla og not- hafa verzlunarþekkingu með því að ganga á

Dominion Business College
Fullkonnasti verzlunarskóli í Kanada.
301 NEW ENDERTON BLDG. Portage and Hargrave (næst við Eaton) SEMI A 3031

eftir vísu um Tea Pot Dome hneykslið.
Ágírnð brennir alla þjóð ölu frá dýki eiturstrauma fossa flóð Fáfírnir stýrir ríki.

Skemtisamkoma undir umsjón svensku stúkunnar Framtíðens Hópp, í sambandi við íslensku stúkurnar Heklu og Skuld, föstudaginn 28. marz í Goodtemplara-salnum, kl. 8.15.
Ræður fltja þeir W. R. Wood og A. S. Bardal, svo verður einn íg Piano-, Violín- og harmon. íkuspil, upplestur og fleira.

Allir velkomnir; aðgangur ókeypis; engin samskot. — Fyllið húsið.

Jóns Sigurðsonar félagið hefir úr ákveðið að hafa skentifund og afmælisfagnað, þriðjudaginn 1. apríl í Y. M. C. A. fundar- salnum á Ellis Ave. Eru allar íslenskar konur hér í borg boðu ar og velkomnar á þessar af- mællissamkomur félagsins. Til skemtana verður þar meðal annars: Erindi um Japan, flutt af Mrs. O. Thorláksson. Hefir hún dvalið þar eystra eins og kunnugt er, og verður vafalaust bæði fróðlegt og skemtilegt að hlusta á hana. Auk þess skemta þar með söng Miss E. Thorvaldsson og Miss R. Hermannson og með flólin-samspilli Miss S. Halldórssón og Mrs. Clark. Að skemtikránni lokinni verða bornar fram veitingar. — Inn- gangur ókeypis.

Til íslenskra stúdenta.

Síðasta fund sinn á þessum vetri heldur Stúdentafélagið í fundarsal lút. kirkjunnar, laugardaginn 29. marz og byrjar kl. 8.15. Tekur þá nýkosna stjórn- arnefndin til starfa, en hana skipa þessir:

- Forseti, Miss Aðalbjörg John- son,
- Varaforseti, Miss Salome Halldórssón,
- Skrifari Mr. Agnar R. Magnússon,
- Varaskrifari, Miss Pearl Þór- ólfsson,
- Féhirðir, Mr. George Long,
- Fjármálaritari, Mr. Jón Sig- urjónsson,
- Ritstjóri, Heiðmar Björnsson,
- Meðritarar: Miss Thelma Joh- annsson og Mr. Bergþór E. John- son.

Heiðursgestir kvöldsins verða þeir stúdentar, sem eiga að útskrifast þetta ár. Ræðuhöld verða eitthvað á þessa leið: Ræða forseta, Minni heiðurs- gestanna, Minni kvenna, og svo ræður frá þeim sem útskrif- ast—ein frá hverri deild (há- skólans).

Söngur verður framúrskar- andi góður—bæði einsöngur og samsöngur. Á meðal annars syngur stúdentar söngflokkur Jóns Bjarnasonar skóla, þá ver- ur einnig afbragðs hljóðfæra- sláttur. En að aflokinni skemti- skránni verða fjóruögur leikir, og veitingar á eftir.

Meðlætur eru beðnir að fjöl- menna og á þenna fund eru sér staklega boðnir allir stúdentar — bæði utanfélags og innan, og vinir þeirra allir.

Fyrir hönd nefndarinnar, Agnar R. Magnússon, ritari.

Eftirtekt manna er vakin á því, að Tímarit Þjóðræknisfé- lags Vestur-Íslendinga fæst hjá Arnljóti Ólson, Alverstone stræti 594 hér í borginni. Ritid kostar aðeins \$1.00

Ruth Signie Johnson og Mundi Arnason, bæði frá Teu- lon Man., voru gefin saman í hjónaband af séra Ragnari E. Kvaran þann 15. þessa mánað- ar, að heimili Mr. og Mrs. L. E. Sumarliðason, 151 Kilbride Ave.

MESSA Í SELKIRK.
Næsta sunnudag þ. 30. þ. m. flytur Eyjólfur J. Melan messu í frímúrasamkomusúsinu í Sel- kirk, kl. 2 e. h. Fundur ver- ur haldinn á eftir. Fyrir mess- unni standa nokkrir menn í bönnum og bjóða þeir alla ís- lendinga velkomna.

Ungkvennafélagið "Aldan" heldur tombólu 2. apríl næst- komandi. Þar verður margt gírnilegt á boðstólum og skyldu menn ekki sitja úr færi að öðlast eitthvað af þeim hlutum. Þar að auki mætti kannske geta þess í samband, við þetta ungmeyjafélag, að sagt er að hlaupár sé nú, sem stendur. Óskiljanlegt, að það geti dregið, nokkuð verulega úr aðsókninni.

Heiðraði ritstjóri, Sigfús H.!

Vegna misskilnings, sem eg hefi orðið var við hér syðra út af greininni í "Hkr." síðustu, með fyfirsögninni "Bragð er að þá barnið finnur", langar mig til að biðja þig að hola eftirfylj- andi stöku niður í þitt heiðraða blað við tækifæri. Einnig grip eg þetta tækifæri til þess, að bjóða þig velkominn í hóp Vest- ur-Íslendinga. Eg hefði haft gaman að sjá framan í andlit- ið á þér við tækifæri. Mér líður ljómandi vel og gæti ekki líðið betur, þó eg væri á betrunar- húsi og óska þér hins sama.

Með vinsemd og virðing. (Eg stafa nafn mitt svona:.) Ká-K. Enn-N. Júlíus.

Staka.

Hér um daginn ögn í brún mér brá, Og börnin heyrðu hvað eg sagði þá. Í gömlu "Kringlu" svart á hvítu sá, Einn sótraft nefnast Júlennius K.

K. N.

Dr. H. W. Tweed tannlæknir verður staddur að Árborg þriðju- daginn og miðvikudaginn 1. og 2. apríl. En á Gimli á fimtu- daginn og föstudaginn, 10. og 11. s. m.

Hjónavígslur framkvæmdar af séra Rúnólfi Marteinsynni að 493 Lipton St.

David James Jones og Mabel Evelyn Ellis, bæði frá Winnipeg, gift 17. marz.

Jón Karl Torfason frá Gimli og Ósk Victoria Thorvaldsson frá Geysi, Man., gift 18. marz.

WONDERLAND.
Það var góð skemtan að "Three Wise Fools", en mörg- um mun þykja enn meira gam- an að Gladys Walton í "The Town Scandal" á miðviku- og fimtugdagn. Skemtikráin batnar eftir því sem líður á vik- una. Stórkostleg mynd er "The Common Law", sem sýnd ver- ur föstudag og laugardag, og aðeins fullorðnum. Á mánu- daginn og þriðjudaginn verður sýndur "Six Days", eftir Elinor Glyn, með útvöldum leikurum og síðar í vikunni "The Spanish Dancer", en þar leikur Pola Negri.

Hr Jónas K. Jónasson frá Vogar, leit inn á skrifstofu blaðsins í morgun. Sagði alt hið bezta af sér og sínum hög- um.

Lestrafélagið á Gimli heldur samkomu á föstudagskvöldið 11. apríl næstkomandi í Lyric Theatre í Gimlibæ.

BÆKUR TIL SÖLU.

1. Sögufélags bækurnar, marg- ir árgangar.
2. Tímarit Þjóðræknisfélagsins.
3. Almanak Þjóðvinafélagsins.
4. Kvæði Kristinns Stefánsson- ar.

Kaupi, sel og skifti eldri bókum. Arnljótur Björnsson, Olson 594 Alverstone St., Winnipeg, Man.

Jóhannes Baldvinsson frá Reykjavík, Man., kom til bæjar- ins á þriðjud. nú í vikunni. Hann fer heim aftur á föstud. kemur. Hann sagði fisk með rýrara móti en verð samlegt. Pickereel seldist framan af í haust á 5c pundið en er fram á kom á 12—13c.

Brandur Sumarliðason við Reykjavík P. O. Man., andaðist í vikunni sem leið og var jarð- aður á laugardaginn var, ungur maður og hinn efnilegasti. Banameinið var taugaveiki.

Dánarfregn.

Síðastliðinn 5. desember and- aðist að heimili sínu hér í Swan River, bygðinni, Wilhjálmur Friðrik, 33 ára og 8 mánaða gamall, sonur Stephans Björn- sonar, ættuðum af Austur- landi og Margrétar Guðmunds- dóttur konu hans, frá Hamars- koti við Akureyri á Íslandi. Systkini Wilhjálms sál. eru 3. lifandi: Stephan, Meybil, gift enskum manni hér í bygðinni og Björn bíandi í Suður-Mani- joba. Þeir bræður, Stefán og Wilhjálmur sál., höfðu báid fé- lagsbúi með sinni öldruðu góðu móður yfir nokkurra ára skeið, með sameiginlegur kærleika hvað til annars, er því sonar- missirinn sár fyrir hina gó- móður, ásamt ádurmistum eig- innmanni og tveimur fullorðn- um börnum á besta skeiði lífs- ins, fyrir ekki löngum tíma. En Drottinn leggur líkn með þraut, allir hér samhyggjast móður og bróður, sem dauðinn svifti í burtu frá elskuðu syni og bróður. Stephan hafði alt gert sem hægt var að gera til að frelsa sinn góða bróður frá hel- greipum dauðans, sem mennirn- ir geta áorkað í þessum heimi, en forsjónin sagði hingað og ekki lengra. Wilhjálms er sárt saknað af öllum, sem þektu hann, kom alstaðar fram, sem góður drengur, með velvild og góðu viðmóti, ávann sér alþýðu- hylli með drengskap og kær- leika, veit að góður Guð hefir tekið hans hreinu sál í samfélag sinna trúu þjóna. Minning þín lífi, þótt moldu sért hjúpaður. Vinur. H. J. E.

Staka.

Hér um daginn ögn í brún mér brá, Og börnin heyrðu hvað eg sagði þá. Í gömlu "Kringlu" svart á hvítu sá, Einn sótraft nefnast Júlennius K.

K. N.

Dr. H. W. Tweed tannlæknir verður staddur að Árborg þriðju- daginn og miðvikudaginn 1. og 2. apríl. En á Gimli á fimtu- daginn og föstudaginn, 10. og 11. s. m.

Hjónavígslur framkvæmdar af séra Rúnólfi Marteinsynni að 493 Lipton St.

David James Jones og Mabel Evelyn Ellis, bæði frá Winnipeg, gift 17. marz.

Jón Karl Torfason frá Gimli og Ósk Victoria Thorvaldsson frá Geysi, Man., gift 18. marz.

WONDERLAND.
Það var góð skemtan að "Three Wise Fools", en mörg- um mun þykja enn meira gam- an að Gladys Walton í "The Town Scandal" á miðviku- og fimtugdagn. Skemtikráin batnar eftir því sem líður á vik- una. Stórkostleg mynd er "The Common Law", sem sýnd ver- ur föstudag og laugardag, og aðeins fullorðnum. Á mánu- daginn og þriðjudaginn verður sýndur "Six Days", eftir Elinor Glyn, með útvöldum leikurum og síðar í vikunni "The Spanish Dancer", en þar leikur Pola Negri.

Hr Jónas K. Jónasson frá Vogar, leit inn á skrifstofu blaðsins í morgun. Sagði alt hið bezta af sér og sínum hög- um.

Lestrafélagið á Gimli heldur samkomu á föstudagskvöldið 11. apríl næstkomandi í Lyric Theatre í Gimlibæ.

BÆKUR TIL SÖLU.

1. Sögufélags bækurnar, marg- ir árgangar.
2. Tímarit Þjóðræknisfélagsins.
3. Almanak Þjóðvinafélagsins.
4. Kvæði Kristinns Stefánsson- ar.

Kaupi, sel og skifti eldri bókum. Arnljótur Björnsson, Olson 594 Alverstone St., Winnipeg, Man.

Tombóla
Undir forstöðu ungmeyjafélagsins "ALDAN" í Samkomusal Sambandsafnaðar corn. Banning & Sargent Ave.
Miðvikud., 2. Apríl, n. k. kl. 8 e. h.
Inngangur og einn dráttur 25c
Kaffi selt þeim sem óska.

Gamanleikurinn
"HAPPID"
Eftir P. J. Ardal
verður leikinn á Lundar, Man.
Þriðjud. 1. Apríl, 1924
Byrjar klukkan 8
DANS Á EFTIR

WONDERLAND THEATRE
MIÐVIKUDAG OG FIMTUDAG.
Gladys Walton
in "THE TOWN SCANDAL"
FÖSTUDAG OG LAUGARDAG
CORRINE GRIFFITH
in
"Common Law"
MANUDAG OG ÞRIÐJUDAG.
An all star cast.
in
"SIX DAYS"

PLEYÐU EKKI BURTU HAR- INU SEM KEMBIT AF ÞÉR. Sendu okkur það, og við skulum gera kembu úr því fyrir þig fyrir \$3.00
Við höfum alt sem meðþarf til þess að gera upp og þrýða hár kvenna og karla. Skrifis eftir verðlita. PARISIAN HAIRDRESSING & BEAUTY PARLORS, 319 Garry St., Winnipeg, Man.

Yfir 600 íslenskir nemendur hafa gengið á Success verzlunarskólann síðan árið 1914.

Skrifstofuátvinna er næg í Winnipeg, atvinnu- og iðnaðar- miðstöð Vesturlandsins.
Það margfalt borgar sig að stunda námið í Winnipeg, þar sem tækifærin til þess að fá atvinnu eru flest, og þar sem þér getið gengið á Success verzlunarskólann, sem veitir yður hinn rétta undirbúning og nauðsynlegu æfingu. Þúsundir atvinnu- veitenda taka þá, sem útskrifast úr Success-skólanum, fram yfir aðra, og þér getið byrjað á góðri vinnu strax og þér ljúkið námi við þenna skóla.
SUCCESS BUSINESS COLLEGE er öflugur og áreiðanlegur skóli. — Kostir hans og hið ómetanlega gagn, sem hann hefir unnið, hafa orðið til þess að hin árlega nemendatala skólans er langt fráni yfir tölu nemenda í öllum öðrum verzlunarskól- um Manitoba samanlagt.
SUCCESS er opin árið í kring.
Innitist á hvaða tíma sem er.
Skrifid eftir upplýsingum. Þær kosta ekkert.

The Success Business College, Ltd.
Horn Portage Ave. og Edmonton St.
WINNIPEG — MAN.
(Ekkert samband við aðra verzlunarskóla.)

Borgið Heimskringlu.

SÖGUBÆKUR.
Eftirfarandi sögubækur fást keyptar á skrifstofu Heims- kringlu, 853 Sargent Ave., Box 3171:

| | |
|---------------------|--------|
| Jón og Lára | 50c |
| Viltur vegar | 75c |
| Skuggar og skin | \$1.00 |
| Pólskt Blóð | 75c |
| Myrtle | \$1.00 |
| Bónorð skipstjórans | 40c |
| Ættareinkennið | 40c |